

Verksamningur.



1. gr.

Við undirritaðir _____ kennitala: _____

heimilisfang: _____ hér eftir nefndur verkkaupi

og _____ kennitala: _____

heimilisfang: _____, _____ meistari, hér eftir nefndur verktaki gerum með okkur eftirfarandi VERKSAMNING.

2. gr.

Verktaki tekur að sér að:

Verkið skal unnið með viðurkenndum viðgerðarefnum og í samræmi við góðar hefðir, gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma.

3. gr.

Eftirfarandi gögn eru hluti af samningunum:

Útboðsgögn og verklýsing dags. _____

Teikningar _____

Tilboð verktaka dags. _____ ásamt útfylltri tilboðsskrá

Íslenskur staðall, ÍST 30:1997. (Fæst hjá Staðlaráði Íslands).

Framlögð verkáætlun.

4. gr.

Verkkaupi tilnefnir eftirlitsaðila meðan á verkinu stendur.

Eftirlitsaðili er: _____

Verksamningur.



5. gr.

Fyrir verkið greiðir verkkaupi verktaka kr. : _____

Innifalið í samningsverðinu er:

Allur efniskostnaður, kostnaður við vinnu, vélar, áhöld, vinnuaðstöðu, tryggingar, flutninga o.s.frv. svo og öll þau lög og samningsbundin gjöld sem leiða af því að hafa menn og tæki í vinnu og selja efni og vinnu, þ.m.t. virðisaukaskatt.

6. gr.

Verktaki getur lagt fram reikninga fyrir verkið á _____ vikna fresti. Samþykki verkkaupi/eftirlitsmaður reikninga verða þeir greiddir innan _____ vikna frá framlagningu.

Verkkaupa er heimilt að halda eftir _____% af hverjum reikningi sem geymslufé meðan á verkframkvæmdum stendur og verður geymslufé þetta greitt verktaka _____ vikum eftir að lokaúttekt hefur farið fram og verktaki telst hafa fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.

Geymsluféð er verðtryggt með sama hætti og aðrar greiðslur skv. verksamningi.

Ákvæði greinarinnar um geymslufé eiga ekki við ef aðilar leggja fram framkvæmdatryggingu skv. 7. gr. samnings þessa.

7. gr.

Til tryggingar því að aðilar standi við skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, er hvorum um sig heimilt að krefjast framkvæmdatryggingar (fæst í banka eða tryggingafélagi). Upphæð framkvæmdatryggingar skal vera _____% af samningsfjárhæð. Í tryggingarskjalinu skulu greind skilyrði þess að samningsaðilar geti leyst tryggingaféð til sín.

8. gr.

Verktaki skal vinna þau breytinga- og/eða aukaverk sem verkkaupi/eftirlitsmaður óskar eftir, enda sé verktaka það mögulegt vegna annarra verka sem hann kann að hafa tekið að sér. Verkkaupi skal greiða verktaka allan kostnað sem af þessum breytinga- og/eða aukaverkum leiðir. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar. Með breytinga- og/eða aukaverkum er átt við verkliði sem ekki eru tilgreindir í magntöluskrá.

Ef ófyrirséðar breytingar verða á verkinu, s.s. breytingar á magntölum, skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa/eftirlitsmanni um þær breytingar.

Verkfundir skulu haldnir á _____ daga/vikna fresti. Verkfundi skulu sitja einn fulltrúi verkkaupa, einn frá verktaka og eftirlitsmaður.

Verksamningur.



9. gr.

Verktaki skuldbindur sig til að hefja verkið _____ og ljúka því eigi síðar en _____. Dragist verklok fram yfir tilsettan tíma, af ástæðum sem varða verktakann er verkkaupa heimilt að krefjast dagsekta, sem nema kr. _____ fyrir hvern almanaksdag sem verkið dregst umfram umsamin verklok.

Á verkstað skal liggja frammi dagbók í þríriti þar sem skráð er framvinda verksins fyrir hvern dag, staðfest af eftirlitsaðila.

10. gr.

Verktaki skal vera ábyrgðatryggður fyrir því tjóni sem hann eða starfsmenn hans kunna að valda verkkaupa eða öðrum meðan á verkinu stendur og getur verkkaupi óskað eftir upplýsingum um trygginguna.

11. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi _____

13. gr.

Annað sem aðilar vilja taka fram:

Staður: _____

Dags: _____

Verktaki:

Verkkaupi:

Vitundavottar að rétttri dagsetningu og undirskriftum aðila.

_____ kt. _____

_____ kt. _____